

177 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 3. október kl.17:00 á Fosshótel, Reykholti. Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir sat fundinn í forföllum Jakobs B. Jakobssonar. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.17:00

1. Fundargerð frá 176 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 176 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Öldrunarþjónusta á Vesturlandi

SSV sendi inn umsókn f.h. sveitarfélaga, HVE og hjúkrunarheimila á Vesturlandi í verkefnið Gott að eldast um samþættingu í öldrunarþjónustu. Niðurstaða varðandi val á þátttakendum liggur fyrir að var umsókn SSV samþykkt. Niðurstaðan verður tilkynnt formlega 9. október.

3. Velferðarþjónusta á Vesturlandi

Á fundi með sveitarfélögunum á Vesturlandi 14. ágúst s.l. kom fram áhugi á auknu samstarfi í velferðarmálum og að SSV myndi setja af stað vinnu til að skoða og móta stefnu um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi varðandi þessi verkefni. Stjórn samþykkti því á fundi sínum 23. ágúst s.l. að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að stofnun vinnuhóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vesturlandi. Fundurinn samþykkt framlögð drög að erindisbréfi og fór framkvæmdastjóra að kalla eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum

4. Samgöngumál

Rætt um kynningu á samgöngumálum á Vesturlandi sem var lögð fram á þingmannafundi 7. september s.l. auk frekari kynningar á afstöðu SSV.

5. Ráðstefna um málefni sveitarfélaga.

Rætt um ráðstefnu um málefni sveitarfélaga sem fer fram 25. október n.k. Ráðstefnan verður tvíþætt, annars vegar verður fjallað um sameiningar sveitarfélaga hins vegar um hvernig auki megi aðráttafla sveitarfélaga og þannig laða að nýja íbúa, fyrirtæki og ferðafólk. Framkvæmdastjóri fór yfir drög að dagskrá og samþykkt að ráðstefnan fari fram á Akranesi.

6. Haustþing SSV 2023

Lögð fram drög að dagskrá fyrir Haustþing SSV 2023. Stjórn samþykkti dagskrána

7. Fjárhags- og starfsáætlanir SSV fyrir árið 2024

Framlagðar fjárhags- og starfsáætlanir SSV fyrir árið 2024. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fjárhags- eða starfsáætlun og samþykkti að vísa þeim til afgreiðslu á haustþingi.

8. Ályktanir vinnuhóp

Rætt um ályktanir vinnuhópa fyrir haustþingið

9. Fræðsluferð til Skotlands

Rætt um ávinning af fræðsluferð SSV og SSNV til Skotlands. Stjórn tók undir þau sjónarmið sem komið hafa fram um að efla samstarf sveitarstjórnarfólks úr NV-kjördæmi, t.d. með sameiginlegum fundum árlega. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að vinna áfram að þessu verkefni.

10. Ársreikningur Markaðstofu Vesturlands 2022

Ársreikningur Markaðsstofu Vesturlands lagður fram til samþykktar. Stjórn samþykkti ársreikninginn.

11. Framlögð mál

- Fundargerðir SASS 599 og 600
- Fundargerð 54 fundar stjórnar SSNE
- Fundargerð frá 932 fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundi slitið kl. 18:40